

## Nýsköpunarverkefni á Blindrabókasafni Íslands

Útlána- og framleiðslukerfi fyrir rafbókasafn þróuð og tekin í notkun á safninu í maí 2011. Nýja kerfið hefur verið nefnt LibroDigital. Þróun og innleiðing fóru fram á árinum 2009-2011.

<b>Stofnun:</b>	Blindrabókasafn Íslands
<b>Starfsmenn:</b>	7,25
<b>Heyrir undir:</b>	Mennta- og menningarmálaráðuneytið
<b>Tengiliður vegna verkefnis:</b>	Þóra Sigríður Ingólfssdóttir, forstöðumaður
<b>Tölvupóstur:</b>	thora@bbi.is

### Af hverju var farið í þessa framkvæmd?

Í kjölfar þess að allur bókakostur Blindrabókasafns Íslands var yfirfærður á rafrænt form á árunum 2008-2010 (af snældum yfir á tölvutækt form) var nauðsynlegt að hafa upp á nýju útlána- og framleiðslukerfi. Fyrir var á safninu voru tvö heimasíðuð kerfi, útlánskerfið Valdís og framleiðslukerfið YUK. Þessi kerfi voru sem fyrr segir hönnuð og smíðuð af kerfisfræðingi sem tengdist safninu og var hann sá eini sem hafði þekkingu til að viðhalda þeim. Gamla útlánskerfið var byggt m.a. á DOS og var ekki í stakk búíð til að halda utan um rafræn útlán. Því var nauðsynlegt að innleiða kerfi sem gæti haldið utan um niðurhal á bókum, sjálfsafgreiðslu á vef og framleiðslu á hljóðbókum í samræmi við eftirspurn (on demand) svo hægt væri að afgreiða bækur til lánþega safnsins með skjótum og skilvirkum hætti. Vegna mjög vaxandi fjölda lánþega á sama tíma var nauðsynlegt að hafa einfalt en mikilvirkt afgreiðslukerfi í útlánadeild. Slík kerfi liggja ekki á lausu, hvorki hér á landi né erlendis.

### Framkvæmd

Kannaðir voru margir möguleikar á innleiðslu nýrra kerfa. M.a. voru skoðuð kerfi á blindrabókasafnum Noregs og Danmerkur og í ljós kom að í Noregi voru notuð landskerfi sem höfðu verið löguð að hljóðbókasafninu þar en í Danmörku var notað tilbúið kerfi frá Hollandi sem nefnist Vubis. Hvorug stofnunin var fullkomlega ánægð með þessi kerfi og hefði verið mjög kostnaðarsamt að innleiða svipaðar lausnir hér á landi. Jafnframt var rætt við Landskerfi bókasafna og eftir miklar vangaveltur kom í ljós að mjög flókið yrði að laga núverandi landskerfi að kröfum Blindrabókasafnsins. Krafa safnsins var að ný kerfi yrðu hönnuð skv. nýjum stöðlum, að margir aðilar gætu viðhaldið því og að auðvelt yrði að breyta því í samræmi við nýjar og síbreytilega tækni er snýr að hljóð- og rafbókum.

Safnið leitaði því eftir samstarfsaðilum og tók upp samstarf við kerfisþróunarfyrtæki, Prógramm ehf. Blindrabókasafnið og Prógramm unnu saman að hönnun nýrra kerfa og byggðist samstarfið á því að haldnir voru fjölmargir fundir þar sem nákvæm kröfulýsing var búin til og Prógramm gerði Blindrabókasafninu tilboð um hönnun kerfanna. Ný kerfi voru prófuð fyrri hluta árs 2011 og innleidd á safnið í maímánuði sama ár og hafa reynst mjög vel. Kerfin eru það vel löguð að þörfum hljóðbókasafna að fyrirtækin tvö, Blindrabókasafn Íslands og Prógramm ehf, hafa ákveðið að markaðssetja þau undir nafninu LibroDigital. Hannað hefur verið lógó og bæklingur í þessum tilgangi.

Til stendur að dreifa kynningarefni í gegnum Prógramm til helstu hljóðbókasafna í Evrópu. Nokkur bókasöfn hafa þegar sýnt kerfinu áhuga. Nánari upplýsingar og bæklinginn er að finna á <http://www.libro.is> sem Prógramm ehf. heldur utan um.

### **Niðurstaða**

Starfsmenn safnsins hafa verið harðánægðir með nýju kerfin. Þau auðvelda afgreiðslu verulega þar sem þau halda vel utan um þarfir lánþega, sem og óskir þeirra og hvað þeir hafa fengið lánað áður. Kerfin eru algerlega rafræn og tölvufærir lánþegar geta afgreitt sig sjálfir á vefnum.

Kerfin eru hvort tveggja útlánakerfi og framleiðslukerfi. Útlánahlutann notar starfsfólk sem afgreiðir lánþega í gegnum síma og jafnframt nýtist hann til sjálfsafgreiðslu á <http://www.bbi.is>. Framleiðslukerfin notar tæknideildin, þar sem hljóðbækur eru framleiddar allt frá upplestri í hljóðveri til tilbúinna eintaka sem safnið lánar út.

Ávinningur safnsins er tvenns konar. Annars vegar hefur það yfir að ráða kerfi sem er auð-uppfæranlegt, það ræður við nútíma tækni og geymslu hljóð- og rafbóka og hægt er að bæta við það ýmsum tæknilegum viðbótum sem eru í bígerð svo sem símaforriti („appi“) sem gerir lánþegum kleift að hala bækur beint niður í símann sinn af vef Blindrabókasafns Íslands.

Fjárhagslega reyndist þessi samvinna á þróun kerfa mjög hagkvæm og kostaði margfalt minna en ef erlend kerfi hefðu verið keypt og löguð að Blindrabókasafni Íslands,

### **Lærdómur**

Starfsfólk Blindrabókasafns kom allt að þróun nýrra kerfa og lærði gífurlega mikið af því. Allir starfsmenn eru mjög vel að sér í kerfinu og jafnframt meðvitaðir um þörf á aðlögunum og breytingum sem fylgja hraðri tækniþróun. Eðli starfseminnar og verkskipulag voru yfirfarin vandlega um leið og kerfin voru í þróun og tókst þannig að fjarlægja ýmiskonar þætti sem voru orðnir óþarfir en höfðu haldist inni af gömlum vana. Þróun kerfanna eflði jafnframt starfsandann á safninu og má segja að allir starfsmenn þess séu sérfræðingar í þeirri tækni sem þar er nú notuð. Safnið greiðir því ekki óhóflegan þjónustukostnað vegna kerfisins.

Bókasafnakerfi, sem sérstaklega eru hönnuð fyrir blindrabókasöfn, eru mjög fá enn sem komið er og LibroDigital því gott framtak og athyglisverð viðbót á þann markað.

Blindrabókasafnið á 50% höfundarrétt á LibroDigital á móti Prógrammi ehf. og mun því hagnast fjárhagslega verði kerfin seld erlendum hljóðbókasöfnum.

### **Ummæli starfsfólks Blindrabókasafns Íslands**

„Það hefur verið ómetanlegt að fá að taka þátt í að koma útlána- og framleiðslukerfi á koppinn sem er sérsníðið að þörfum safna á borð við okkar. Okkar þekking og þarfir voru grunnurinn sem byggt var á og fyrir vikið eigum við nú kerfi virkar nákvæmlega eins og við viljum.“

– Hafþór Ragnarsson, umsjónarmaður hljóðvera Blindrabókasafns Íslands.

„Nýja kerfið okkar, LibroDigital, er hraðvirk og stöðugt. Það er algerlega aðlagð að okkar þörfum og heldur vel utan um allar nauðsynlegar upplýsingar bæði um lánþega og bókakost. Leitarmöguleikar eru margir og ítarlegir sem kemur sér mjög vel þegar velja þarf bækur fyrir lánþega sem hafa lesið mjög mikið. Eins er gott yfirlit yfir vinnusvæði. Kerfið er bæði einfalt og mjög þjónustu- og notendavænt.“

– Hulda Pétursdóttir, deildarstjóri útlánadeildar Blindrabókasafns Íslands